

Aðalfundur NS 28/10/2023

Staður:

Guðrúnartún 1

Fundarstjóri:

Mörður Árnason

Fundarritari:

Sigurður Másson

Dagskrá fundar:

1. Kjör fundarstjóra og ritara fundarins.
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi samtakanna og rekstur þeirra á liðnu starfsári.
3. Endurskoðaðir reikningar ársins 2020 lagðir fram til afgreiðslu.
4. Rekstraráætlun til næstu áramóta og drög fyrir næsta starfsár lögð fram.
5. Stefnumótun og ályktanir sem liggja fyrir aðalfundinum.
6. Kjöri stjórnarmanna lýst.
7. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga og kjör þriggja manna kjörnefndar.
8. Ný stjórn tekur við.
9. Önnur mál.
10. Fundarlok.

1. Setning fundar

- ◆ Formaður setti fund klukkan 10:00.
- ◆ Fundarstjóri var kosinn Mörður Árnason.
- ◆ Sigurður Másson var kosinn fundarritari.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemi samtakanna og rekstur þeirra á liðnu starfsári.

- ◆ Formaður Neytendasamtakanna, Breki Karlsson flutti ítarlega skýrslu um starfsemi samtakanna og rekstur þeirra á liðnu starfsári. Skýrsla stjórnar innihélt meðal annars tölfræðilega framsetningu á fjölda mála og yfirlit yfir helstu málusteina í starfsemi samtakanna 2022. Í skýrslu stjórnar kom fram að Neytendasamtökin eru einu neytendasamtökin á Norðurlöndum sem ekki njóta beinna ríkisstyrkja.

3. **Endurskoðaðir reikningar ársins 2022 lagðir fram til afgreiðslu og samþykktar**

- ◆ Framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, Brynhildur Pétursdóttir, kynnti ársreikningana og fór yfir helstu stærðir í þeim.
- ◆ Ársreikningar hafa legið fyrir inni á vefsíðu NS frá því þeir voru samþykktir af stjórn um mitt ár 2023. Enn fremur hafa ársreikningarnir legið frammi á vefsíðu NS sem fundargögn fyrir aðalfund.

4. **Rekstraráætlun til næstu áramóta og drög fyrir næsta starfsár lögð fram**

- ◆ Framkvæmdastjóri NS, Brynhildur Pétursdóttir, kynnti rekstraráætlun samtakanna til næstu áramóta ásamt drögum að rekstraráætlun fyrir 2024.
 - ◆ Fyrirsjáanlegt er að næsta rekstrarár verður erfiðara en fyrri ár. Miklar hækkanir eru í kostnaði og óvissa um hvort hægt verður að auka tekjur til að mæta auknum kostnaði.
 - ◆ Umræður hófust um skýrslu stjórnar, reikninga ársins 2022 og framlagða rekstraráætlun.
 - ◆ Nokkrir fundarmenn tóku til máls. Meðal annars var rætt um hvort ástæða væri til að hækka félagsgjöld, þar sem þau hafa verið óbreytt í 4 ár þrátt fyrir að töluverð verðbólga hafi verið á tímabilinu.
 - ◆ Framkvæmdastjóra og formanni var hrósað fyrir góða stöðu samtakanna og mikla ráðdeild í rekstri þeirra.
- ◆ **Endurskoðaðir reikningar ársins 2022 voru bornir upp og samþykktir einróma.**

5. **Stefnumótun og ályktanir sem liggja fyrir aðalfundinum.**

- ◆ Formaður NS kynnti drög að nýju stefnuskjali fyrir Neytendasamtökin. Nýja skjalið byggist á grunni fyrra stefnuskjals og niðurstöðum úr stefnumótunarvinnu stjórnar NS á fundi sem haldinn var í september 2023.
- ◆ Drög að stefnu samtakanna hafa legið frammi á netinu sem fundargögn fyrir aðalfund.

- ◆ Drögin að stefnu NS voru lesin upp og gafst fundarmönnum tækifæri til að koma með athugasemdir á meðan lestri stóð.
- ◆ Í umræðum lýstu fundarmenn ánægju með stefnudrögin.

- ◆ **Nýtt stefnuskjal NS var borið upp til samþykktar og samþykkt einróma.**
 - ◆ Fundarstjóri kynnti drög að fjórum ályktunum sem meirihluti fráfaraandi stjórnar NS lagði fyrir aðalfundinn, en drögin hafa legið frammi á netinu sem fundargögn fyrir aðalfund.
 - ◆ Jafnframt barst tillaga að ályktun frá Liselotte Widing um verðmerkingar.
 - ◆ Nokkrar umræður voru um ályktanirnar og orðalag þeirra og síðan bornar upp. Formanni og fundarstjóra var falið að fara yfir orðalag samþykktara ályktana með tilliti til málfars og stíls, og birtast þær hér með þeim hætti.

- ◆ **Arðsemi banka**

Aðalfundur Neytendasamtakanna skorar á bankana að lækka álögur sínar og færa í sama horf og tíðkast erlendis. Fundurinn fagnar nýlegri skýrslu um gjaldtöku og arðsemi héraendra banka, og þeim áformum að henni verði fylgt eftir með raunverulegum aðgerðum til að ná kostnaði neytenda niður. Skýrslan sýnir svart á hvítu að betri afkoma bankanna skilar sér ekki í betri kjörum til neytenda, og að óljósar og flóknar verðskrár gera neytendum ókleift að gera verðsamanburð og veita nauðsynlegt aðhald. Vaxtamunur bankanna er allt að þrisvar sinnum hærrí en sambærilegra banka erlendis og arðsemi heildareigna helmingi meiri.

- ◆ **Ályktunin var samþykkt einróma.**

- ◆ **Vaxtastig**

Aðalfundur Neytendasamtakanna krefst þess að gerð verði raunveruleg úttekt á því hvað veldur háu vaxtastigi á Íslandi. Skorar fundurinn á stjórnvöld og verkalyðshreyfinguna að taka höndum saman um að láta gera úttekt á því hvað veldur því að vaxtakostnaður er margfalt hærrí á Íslandi en í nágrannalöndunum.

Ályktunin var samþykkt einróma.

◆ **Reiðufjárhöft**

Í nýjasta Stöðuleikariti Seðlabankans bendir Seðlabankinn á að íslensk lög banni seljendum ekki að hafna viðtöku reiðufjár. Þessi framsetning Seðlabankans ýtir undir að söluaðilar hafni viðtöku reiðufjár, þannig að neytendur geti eingöngu greitt með greiðslukortum. Slík reiðufjárhöft skylda neytendur beinlínis til viðskipta við banka. Reiðufjárhöft koma sérlega hart niður á jaðarsettum hópum, sem hafa ekki alltaf aðgang að greiðslukortum. Standi vilji til að koma á reiðufjárhöftum verður hið opinbera að tryggja aðgengi allra að rafrænni greiðslumiðlun.

Aðalfundur Neytendasamtakanna áréttar að allar ákvarðanir um reiðufjárhöft eru í eðli sínu pólitískar, og krefst þess að umræða og ákvörðun um reiðufjárhöft sé tekin á vettvangi stjórnmalanna.

Ályktunin var samþykkt einróma.

◆ **Dýrtíð**

Afkomutölur margra fyrirtækja sýna mun meiri arðsemi en meira að segja þau sjálf gerðu ráð fyrir. Við þessar aðstæður fer aðalfundur Neytendasamtakanna fram á það við eigendur fyrirtækjanna að þeir skili hagnaðaraukanum til til neytenda. Í raunverulegu samkeppnisumhverfi myndi slík umframárðsemi skila sér í lægra verði vöru og þjónustu. Aðalfundur Neytendasamtakanna minnir á að við erum öll neytendur. Barátta fyrir bættum rétti neytenda er barátta fyrir bættum lífskjörum alls almennings.

Ályktunin var samþykkt einróma

◆ **Verðmerkingar**

Nákvæmar upplýsingar á opnum og virkum markaði stuðla að neytendavernd og heilbrigðri samkeppni. Skýrar og nákvæmar verðmerkingar eru mikilvægar upplýsingar fyrir neytendur og gera þeim kleift að vera virkir þátttakendur á markaði. Þannig eru einingarverð mikilvægar upplýsingar sem auðvelda neytendum að velja milli vara og gera verðsamanburð.

ESB-tilskipunin frá 1998 um neytendavernd að því er varðar upplýsingar um verð á vöru sem er boðin neytendum (98/6/EB) var mikilvæg réttarbót fyrir

neytendur á öllu EES-svæðinu. Íslensk stjórnvöld hafa þó ekki lokið við að innleiða tilskipunina. Neytendasamtökin skora á stjórnvöld að innleiða tilskipunina að fullu sem fyrst og fella niður þær undantekningar í reglugerð nr. 536/2011 um verðmerkingar og einingarverð sem ekki eiga sér stoð í tilskipuninni.

Ályktunin var samþykkt einróma.

6. Kjöri stjórnarmanna lýst.

- ◆ Formaður kjörstjórnar Neytendasamtakanna, Jónas Guðmundsson, gerði grein fyrir niðurstöðum rafrænnar atkvæðagreiðslu um 6 laus sæti í stjórn Neytendasamtakanna. Atkvæðagreiðslan fór fram 23.– 27. október.
- ◆ Eftirfarandi einstaklingar náðu kjöri:
 - ❖ Hildigunnur Hafsteinsdóttir
 - ❖ Margrét Dóra Ragnarsdóttir
 - ❖ Salka Sól Styrmissdóttir
 - ❖ Sigurður Másson
 - ❖ Stefán Hrafn Jónsson
 - ❖ Þórarinn Stefánsson

7. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga og kjör þriggja manna kjörnefndar.

- ◆ Fundarstjóri kynnti framlagða tillögu að skoðunarmönnum reikninga:
 - ❖ Þuríður Hjartardóttir
 - ❖ Hólmfríður Sveinsdóttir
- ◆ **Til vara**
 - ❖ Jóhann Rúnar Sigurðsson
 - ❖ Steinar Þór Sveinsson

- ◆ **Tillagan var samþykkt einróma.**

- ◆ Fundarstjóri kynnti framlagða tillögu að kjörnefnd NS

- ❖ Jónas Guðmundsson
- ❖ Ása Atladóttir
- ❖ Einar Bjarni Einarsson

- ◆ **Tillagan var samþykkt einróma.**

8. Ný stjórn tekur við

- ◆ Formaður tók til máls og þakkaði fyrir góðan aðalfund. Hann bauð nýkjörna stjórnarmenn velkomna í stjórn og þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum, Gunnari Alexander Ólafssyni og Liselotte Widing, fyrir góð störf.

9. Önnur mál

- ◆ Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

10. Fundarlok

- ◆ Formaður sleit fundi klukkan 11:50